



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
14. árgangur
Júní 2012



1. maí

Aðalfundur

Do członków zwa zku Eining-Íðja

To the members of Eining-Íðja

ถึงสมาชิก Einingu-Íðju ทุกคน



Viltu efla stöðu þína á vinnumarkaði?

Næstkomandi haust verða fjölmargar námsleiðir í boði hjá SÍMEY sem greiða þér leið inn í framhaldsskóla, frumgreinadeildir eða mennta þig fyrir ákveðin starfssvið. Úrvalið er fjölbreytt og hægt er að stunda dagnám, síðdegisnám og dreifnám. Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:

- Skref til sjálfshjálpar haust 2012
- Skrifstofuskólinn - Kvöldnám-haust 2012
- Skrifstofuskólinn dagtími / e.h. h 2012
- Skrifstofuskólinn dagtími/ f.h. H 2012
- Grunnmenntaskólinn - Kvöldnám
- Menntastoðir Dagtími haust 2012
- Menntastoðir kvöld 2012-2013
- Menntastoðir dreifnám við utanverðan Eyjafjörð
- Skólaliðabréf
- Félagsliðabréf
- Leikskólaliðabréf
- Stuðningsfulltrúabréf
- Háskólabréf Keilis

Upplýsingar um námskeiðin má finna á heimasíðu SÍMEY www.simey.is eða í síma 460-5720

Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar en allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref.

Með bestu kveðjum og von um kröftuga þátttöku í símenntun,

Betty, Erla, Valgeir, Heimir, Helgi Þ., Arnþrúður, Sóley, Kristín, Edda, Sigrún, Helgi og Villi.

PS.: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og starfsmenntasjóðum!





STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU ÍSLENSKT HEIÐALAMB

MEÐ VILTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG · BIRKILAUF · AÐALBLÁBERJALYNG · EINIR



VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafaedi.is



Útgefandi: Eining-löja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Ritnefnd:

Erla Hrund Friðfinnsdóttir,
Harpa Hilmarsdóttir, Kristín Anna
Gunnólfssdóttir, Sigurjón Þórisson,
Sunna Árnadóttir og Margrét Einarssdóttir
starfsmaður nefndarinnar

Forsíðumynd:
Akureyri 1. maí 2012

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Brunch

á hlaðborði alla sunnudaga
frá 11.00-14.00

1862

nordic bistro

Menningarhúsinu Hofi – Akureyri | Sími 466-1862 | www.1862.is

HAGSMÍÐI
TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
Sími 893 5840

Efnisyfirlit

- 6 Glæsilegt hús í Svignaskarði
- 6 Laus hús í sumar
- 6 Hitaveita komin á Einarssstaði
- 7 Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
- 8 Aðalfundur Einingar-löju
- 12 Breytingar hjá félaginu
- 12 Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 12 Tvö sæti laus
- 14 „Forréttindi þegar hægt er að...”
- 16 Bland í poka
- 17 Trúnaðarmenn á léttu nótunum
- 18 Ársfundur Stapa
- 20 1. maí hátíðarhöld
- 23 Ljúffengar kræsingar
- 24 Framhaldsþing SGS
- 24 PACTA lögmenn
- 25 Samningur við Becromal samþykktur
- 26 Dregið hefur úr svartri atvinnustarfssemi
- 26 Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 27 Do członków związku Einingu-löja
- 27 Hugleiðing
- 28 To the members of Eining-löja
- 29 ถึงสมาชิก Einingu-löju ทุกคน
- 30 Stjórnir og nefndir

PricewaterhouseCoopers á Akureyri

Starfsfólk pwc
sendir félagsmönnum
Einingar-löju sumarkveðjur



PricewaterhouseCoopers
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Símanúmer: 460 2400
Símbrefsnúmer: 460 2401
Netfang: pwc.akureyri@is.pwc.com
Netfang innheimtu: innheimta@is.pwc.com



MAE

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir lífeyrissjóði og verkalýðsfélög. Init þróar, rekur og þjónustar Jóakim sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi.

Jóakim er heildarlausn fyrir stéttarfélög

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfkerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar bæði stórum og smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga

Hafið samband við okkur í síma 510-7200 eða skoðið nánar á heimasíðu okkar, www.init.is



Búseti á Norðurlandi er húsnæðissamvinnufélag sem er opið öllum.

Félagið á og rekur 234 íbúðir á Akureyri og Húsavík.
Markmið félagsins er að bjóða upp á góðar og hagkvæmar íbúðir fyrir almenning.
Kynnið ykkur skipulag og reglur félagsins.

www.busetiak.is

Til að geta mætt aukinni eftirspurn er mikilvægt að áhugasamir skrái sig í félagið.
Hringdu í síma 452 2888, eða komdu við á skrifstofunni
á opnunartíma milli 10 og 12 virka daga.

Búseti á Norðurlandi, Skipagötu 14,(4.hæð), 600 Akureyri
Sími 452 2888 · www.busetiak.is

Glæsilegt hús í Svignaskarði



Í byrjun júní var nýtt og glæsilegt hús félagsins í Svignaskarði tekið í notkun. Húsið var byggt á staðnum sl. vetur í stað eldra húss sem var selt. Húsið er um 75 fermetrar að stærð með öllum helstu þægindum, stórum palli og að sjálfsgöðu er heitur pottur við húsið. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi m/sturtu. Svefnpláss er fyrir átta manns.

Látum myndirnar tala sínu máli, en þær voru teknar þegar húsið var standsett fyrir fyrstu gestina sem komu í það þann 8. júní sl.



LAUS HÚS Í SUMAR

Fyrstur pantar – fyrstur fær!

Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofu félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.




Hitaveita komin á Einarstaði

Nú er lokið framkvæmdum við að leggja hitaveitu í Orlofsbyggðina á Einarstöðum. Framkvæmdir hófust í lok september í fyrra og var byggðinni lokað í vetur vegna framkvæmdanna. Nú er búið að tengja öll hús byggðarinnar við hitaveitukerfið, setja heita potta við húsinn á svæðinu og stækka sólpalla við þau.

Félagið á eitt hús á Einarstöðum og leigir tvö í viðbót af AFLi starfsgreinafélagi. Eininglðja var með rafmagnspotta við tvö hús á Einarstöðum og voru þeir seldir þegar ákveðið var að leggja hitaveitu í hverfið. Pottarnir voru undir skyggni upp við húsið en nýju pottarnir

eru fjær húsinu og því er hægt að vera í pottinum og njóta sólarinnar þegar hún skín. Stutt er síðan félagið lét taka sitt í hús í gegn að innan og er það því í mjög góðu standi, innan sem utan.



Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs

Á síðasta aðalfundi Einingar-löju voru samþykktar nokkrar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs. Tekin var til afgreiðslu tillaga nefndar, sem skipuð var af stjórn félagsins, ásamt formanni sjúkrasjóðs en nefndin hafði þann tilgang að fara yfir reglur sjúkrasjóðs félagsins. Í framhaldinu ákvað hún að leggja til breytingar á 12. grein reglugerðarinnar um styrkveitingar.

Stærsta breytingin varðar dagpeningagreiðslur. Nú eru dagpeningar í veikinda og slysaforföllum greiddir fyrir 120 daga, eða 4 mánuði, í stað 6 mánaða eins og var. Þó er heimilt að lengja bótatímabilið í 180 daga eigi félagsmaður ekki bótarétt hjá Tryggingastofnun ríkisins og/eða lífeyris-sjóði. Þessi breyting mun í flestum tilfellum koma betur út fyrir þá sem fara á endurhæfingarlífeyri, þar sem hann er yfirleitt hærri en meðallaun fólks síðustu 6 mánaða, eins og félagið reiknar út frá.

Nú er stjórn sjóðsins jafnframt heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingastyrkja og styrkja vegna sjúkra og slysaakostnaðar, en áður þurfti að ákveða slíkt á aðalfundi félagsins.

Hvað er í boði?

Réttur til að fá greitt úr sjúkrasjóði Einingar-löju byggist á greiðslum til félagsins. Meðal annars eru greiddir dagpeningar til sjóðsfélaga, dagpeningar vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna, sem og vegna alvarlegra veikinda maka. Þá eru greiddir út styrkir vegna útfara félagsmanna, sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar, krabbameinsleitar, viðtala við sálfræðinga og geðlækna, líkamsræktar, kaupa á heyrnartækjum og gleraugnaglerjum.

- Útfararstyrkur virks og greiðandi félaga er nú kr. 300.000. Virkur og greiðandi sjóðfélagi heldur réttindum til dánarbóta í tvö ár, hafi hann látið af starfi vegna veikinda. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveim árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 80.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)
- Styrkur vegna líkamsræktar er 35% af reikningi, þó að hámarki 10.000 krónur á hverju almanaksári.
- Styrkur til kaupa á gleraugnaglerjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- Styrkur til kaupa á heyrnartækjum er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- Heimilt að greiða niður viðtöl við sálfræðinga og geðlækna, 50% af kostnaði í fimm skipti á ári.
- Félagismaður á rétt á 50% styrk vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranuðs, hámarksendurgreiðsla v/nuðs er þó kr. 2.500,- fyrir hvert skipt. Ekki er greitt fyrir fleiri en 18 skipti samtals vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranuðs á hverju almanaksári til hvers félagsmanns



Vinsamlegast athugið!

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-löju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.

Umsóknir um allar greiðslur úr sjúkrasjóði eru lagðar fyrir fund þ.m.t. dagpeningar, endurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs, krabbameinsleitar og allra styrkja sem greiddir eru skv. reglugerð sjóðsins.

Reglugerð sjúkrasjóðsins má finna á www.ein.is

Hver ávaxtar peningana þína?



Íslensk verðbréf

- Eru elsta eignastýringarfyrtæki landsins
- Standa traustum fótum
- Ávaxta fjármuni einstaklinga sem og fagfjárfesta
- Hafa á að skipa reynslumiklu og traustu starfsfólki
- Hafa þína hagsmuni að leiðarljósi

Við öflum fyrir þig

Hafðu samband við ráðgjafa okkar
í síma 460 4700 eða kynntu þér málið
á www.iv.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF

1987 í 25 ár 2012

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is



Aðalfundur Einingar-löðu

Aðalfundur Einingar-löðu var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri þriðjudagskvöldið 17. apríl sl. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar að undanfarið starfsár hefði verið mikið samningaár. Björn minntist einnig á að heilmikið hefði verið unnið í því að spara í rekstri félagsins. „Eins var á síðasta ári regluverkið eft með setningu siðareglna og reglur um greiðslu ferðakostnaðar o.fl. Mjög gaman var að sjá að okkar óskrifuðu reglur voru ekki frábrugðnar þeim reglum sem við settum á blað, en fyrirmynd þeirra kom frá Afli starfsgreinafélagi á Austurlandi. Það er nauðsynlegt að hafa þessar reglur í þeim ólgusjó sem núna er í þjóðfélaginu.“

Á fundinum voru kosnir 37 fulltrúar félagsins á ársfund Stapa. Björn sagði að það væru ekki mörg félög sem kysu sína fulltrúa á þann fund á aðalfundi félagsins en að stjórnin teldi það vera nauðsynlegt.

Nýr varaformaður

Á fundinum tók Anna Júlíusdóttir við sem varaformaður félagsins af Matthildi Sigurjónsdóttur sem gaf ekki kost á sér áfram. „Hér á eftir verða

ákveðin tímamót þegar fram fara skipti á varaformanni hjá okkur. Matthildur Sigurjónsdóttir sem hefur verið varaformaður félagsins frá 1995 gaf ekki lengur kost á sér til varaformanns og mun Anna Júlíusdóttir taka við af henni. Matthildur eða Mattý eins og hún er ávallt kölluð hefur verið félaginu mikill sómi öll þau ár sem hún hefur starfað fyrir félagið og veit ég að margir munu sakna hennar og ekki síst hennar miklu hlýju sem hún hefur verið óspör á,” sagði Björn og bætti við að „fyrir mig er það ómetanlegt að hafa haft hana mér við hlið og ég man ekki eftir því að við höfum rifist allan þann tíma sem við höfum starfað saman. Hún hefur oft þurft að halda í mig ef mér hefur dottið eitthvað í hug sem henni hefur ekki þótt gáfulegt en það hefur oft gerst því að mér dettur ýmislegt í hug.“

Matthildur var gerð að heiðursfélaga á fundinum og sagði við það tækifæri „mér er nú bara eiginlega orðavant. Það er alltaf gaman þegar hægt er að sameina áhugamálið starfinu eins og raunin var í mínu tilfalli. Ég kveð ykkur mjög sátta.“ Viðtal við Matthildi er á bls. 14.

Önnur breyting verður á næsta starfsári því stjórn félagsins hefur ákveðið að hætta aðild að Mæðrastyrksnefndinni um leið og þær Jóna Berta Jónsdóttir og Björg Hansen hafa ákveðið að hætta í nefndinni. „Við munum að sjálf-sögðu halda áfram að styrkja starf nefndarinnar

en nú er lokið um 40 ára forustu félagsins í nefndinni. Það starf sem okkar konur hafa skilað í þágu þeirra sem minna mega sín er ómetanlegt. Að öllum ölstuðum vil ég sérstaklega nefna Jónu Bertu Jónsdóttur, Björgu Hansen og Jóhönnu Tómasdóttur,” sagði Björn.

Mikið álag

Björn sagði að mikið álagið hefði verið á skrifstofur félagsins á síðasta ári. „Starfsmenn fá margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Í lok árs 2011 voru 340 félagsmenn Einingar-löðu á atvinnuleysissskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum hjá félaginu. Þetta er þó fækkun um 75 einstaklinga á atvinnuleysissskrá frá árinu á undan.“

Lagabreytingar og breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs

Á fundinum var samþykkt að breyta lögum félagsins þannig að þær eru nú ekki lengur jafnniðurnjörvaðar og áður var. Segja má að aðalbreytingin snúi að svæðisfulltrúum félagsins. Áður segir í lögnum hve margir og hvar þeir ættu að vera staðsettir. Nú segir að þeir eigi að vera að lágmarki þrír og að trúnaðarráð

Munið eftir www.ein.is

Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.354 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu eða um 60% félagsmanna sem er ekki lítið hlutfall og það hæsta sem nokkurn tímann hefur verið hjá félaginu. Þetta var fjölgun um 438 félagsmenn milli ára. 660 fengu starfsmenntastyrki, 2.162 styrki úr sjúkrasjóði, 1.220 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 312 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.349.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fékk Mæðrastyrksnefnd kr. 600.000, Grásrót kr. 200.000, lónaðarsafnið á Akureyri kr. 150.000 og kr. 250.000 vegna ársins 2012 og Aflíð fékk kr. 60.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2011. Alls fengu 206 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 74.803.922 og 1.956 fengu styrki að upphæð kr. 20.013.061. Samtals fengu því 2.162 félagsmenn styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 94.816.983, sem er hækkan um rúmlega 23 milljónir milli ára.

Fjölmiðing námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmannnámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. Tvö námskeið voru haldin fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 36 einstaklingar sátu námskeiðin sem tókust mjög vel. Einnig var haldið námskeið í tjáningu og sjálfsstyrkingu fyrir stjórnarmenn deilda, tvö tölvunámskeið fyrir byrjendur í samstarfi við SÍMEY og námskeið í jólafondri. Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 660 einstaklingar, 422 konur og 238 karl, einstaklingsstyrki úr *Landsmennt*, *Ríkismennt* eða *Sveitamennt* á árinu 2011, samtals að upphæð kr. 20.455.993,-

Orlofshús. Á árinu 2011 voru tæplega átján orlofshús og sjö íbúðir í eigu félagsins og þar með taldir tvær sjúkraíbúðir. Félagið tók á leigu þrjú orlofshús og íbúðir viðsvegar um landið yfir sumarið. Einnig úthlutaði félagið 200 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali“. Vetrarleiga hefur verið mjög góð og hefur aukist ár frá ári. Á síðasta ári hætti félagið með tvær leiguíbúðir í Reykjavík og keypti tvær aðrar í staðinn. Nýju íbúðirnar eru báðar í fjölbylishúsinu Sólheimar 27, sem er stutt frá íbúðum félagsins í Ljósheimum. Þó engin breyting hafi orðið á fjölda íbúða sem félagsmönnum stendur til boða þá fjölgaði samt þeim vikum sem standa til boða í Reykjavík, því önnur íbúðin var leigð til hálfis á móti Byggið – félagi byggingamanna.

Nýting orlofshúsa. Á síðasta ári leigðu félagsmenn 325 sumarvikur, 40 sumarhelgar, 334 vetrarhelgar og 194 vetrarvikur. Fyrir utan þetta var íbúðin á Egilsstöðum í fastri leigu frá september til til jóla.

Orlofsferðir. Félagið stóð fyrir þremur orlofsferðum á síðasta ári, eins og undanfarin ár. 37 fóru í ferð til Þýskalands. Frakklands og Sviss, 41 fór í Fjallaferðina þar sem farið var um Sprengisand, Fjallabak og Lakagíga og 71 fór í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Siglufjarðar og og Sauðárkróks.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór á Hótel Héraði á Egilsstöðum þann 8. maí sl. Félagið átti rétt á 37 fulltrúum í ár.



MENNING · SAGA · NÁTTÚRA

Gönguhópar og útivistarfólk

Umfar ehf. er sérhæft leiðsöguvyrirtæki á suðurhluta Vestfjarða.

Látrabjarg, Rauðasandur, gamlar þjóðleiðir milli fjarða og dala.

Fjölbreytt framboð á leiðarvali fyrir gönguhópa.

Gönguhátíðin Umfar 23. – 30. júní.

Ferðir við allra hæfi.

Bókanir í síma 892 9227.

Sjá www.umfar.is

*Það skiptir ekki máli
hvað þú gerir...*



*...við erum með lausnina fyrir þig
- Heimasíður og sérlausnir*

HAFNARSTRÆTI 97, 5. HÆÐ // 600 AKUREYRI
HAMRABORG 10, 3. HÆÐ // 200 KÓPAVOGI
// t. 464 8700 // f. 464 8701
// e. STEFNA@STEFNA.IS // WWW.STEFNA.IS

STEFNA
HUGBÚNAÐARHÚS

félagsins, sem í sitja 119 félagsmenn og er æðsta vald félagsins á milli aðalfunda, eigi að segja til um hvar og hve margir þeir eru.

Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins snúa að mestu leyti að grein þar sem fjallað er um styrkveitingar.

Breytt lög félagsins og reglugerð sjúkrasjóðs má nálgast á heimasíðu Einingar-löju.

Ályktun um frumvarp ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða og veiðileyfagjald

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Aðalfundur Einingar-löju 2012 skorar á ríkisstjórn Íslands að framkvæma ítarlega rannsókn á hagrænum og félagslegum afleiðingum þeirra breytinga sem frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjald munu hafa í för með sér á sjávarbyggðir, sjávarútveg, starfsöryggi og kjör launafólks í greininni.

Við innleiðingu slíkra breytinga er nauðsynlegt að fara varlega af stað í upphafi til þess að kollvarpa ekki greininni. Eftir tvö til þrjú ár er nauðsynlegt að staldra við og meta áhrif breytinganna áður en framhaldið verður ákveðið.

Einnig þarf að hafa í huga og taka tillit til

misjafnrar stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Sum fyrirtæki eru mjög skuldsett eftir kaup á kvóta, á meðan önnur fyrirtæki hafa lítið sem ekkert fjárfest í tækjum og búnaði á síðustu árum. Aðalfundur Einingar-löju hvetur því stjórnvöld til að stilla skattheimtu í hóf þannig að hún hamli ekki endurnýjun og fjárfestingu í greininni. Ef farin er varúðarleið í upphafi og sérstaka veiðigjaldið haft lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu er tekið tillit til mismunandi stöðu fyrirtækja og byggðarlaga og þeim gefinn kostur á að laga sig að breyttu umhverfi með hagsmuni fiskvinnslufólks og sjómanna að leiðarljósi.



Nýr heiðursfélagi og gullmerkjahafar ásamt formanni og nýjum varaformanni félagsins. F.v.: Anna Júlíusdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Páll Vatnsdal, Björg Hansen, Pálmi Sigurðsson og Björn Snæbjörnsson.

Matthildur gerð að heiðursfélagi og þrír sæmdir gullmerki

Á aðalfundinum var Matthildur Sigurjónsdóttir, fyrrum varaformaður félagsins, gerð að heiðursfélagi og einnig voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, sagði við það tilefni að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélagi smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þeir hafa innt af hendi,“ sagði Björn.

Matthildur hóf afskipti af verkalyðsmálum sem trúnaðarmaður á sínum vinnustað, síðan var hún í fjölda mörg ár formaður Hríseyjardeildar Vlf. Einingar eða þar til hún var kosin varaformaður félagsins árið 1995. Hún hefur setið í ráðum og nefndum fyrir hönd félagsins bæði innan Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambands Íslands. Einnig hefur hún verið forseti Alþýðusambands Norðurlands. Hún hefur verið starfsmaður félagsins frá 1. september 1996 og sinnt þar m.a. málefnum matvæla- og þjónustudeildar. Hún hefur verið

framarlega í samningamálum fyrir fiskverkað fólk og hefur ávallt haft þeirra hagsmuni að leiðarljósi við sín störf.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Björg Hansen:

Hún hefur starfað í mæðrastyrksnefnd sem fulltrúi Einingar-löju um árabíl og verið hægri hönd Jónu Bertu í allri þeirri miklu vinnu sem nefndin hefur innt af hendi, bæði fyrir okkar félagsfólk og aðra.

Páll Vatnsdal:

Hann hefur verið virkur félagsmaður og ekki síst hefur hans aðkoma að félaginu verið sú að hann hefur verið félagslegur skoðunarmaður reikninga félagsins í áráðir og er það enn.

Pálmi Sigurðsson:

Hann hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórn og ráðum innan Einingar-löju. Verið trúnaðarmaður á sínum vinnustöðum og var lengi formaður verkfallsstjórnar félagsins.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Ingvar Sigurbjörnsson, Hafðís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Marzibil E. Kristjánsdóttir, og formenn deildanna þriggja ásamt varaformanni stærstu deildarinnar, þau Anna Júlíusdóttir, Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Margrét H. Marvinsdóttir.

Í lok máls síns þakkaði Björn öllum sem hann starfað með á árinu. „Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á fundum og ekki síst á förnum vegi.“

Á heimasíðu félagsins má nálgast ársskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Vinningshafar

Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fimm heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Vinningar kvöldsins voru tvö gjafabréf í *Menningarhúsið HOF*, hvort að upphæð kr. 10.000, og tvö gjafabréf á *veitingahúsið Strikið*, hvort að upphæð kr. 10.000. Aðalvinningur kvöldsins var gjafabréf sem gildir fyrir tvo í síðsumarferð félagsins sem farin verður til Stykkishólms, Flateyjar, Patreksfjarðar og í Látrabjarg dagana 12. til 15. ágúst 2012.

Hægt er að nota gjafabréfin í HOF við miðakaup á alla viðburði í Hofi, í verslun *Hríms hönnunarhúss* og á veitingastaðnum *1862 Nordic Bistro*. Gjafabréfin á *Strikið* má nota til að fá sér dýrindis mat á stað sem býður upp á frábært útsýni yfir Eyjafjörðinn og Akureyri.

Meniga heimilisbókhald

Sjálfvirkt og skemmtilegt
heimilisbókhald
í Netbanka Arion banka



Pú tengist Meniga í Netbanka Arion banka
arionbanki.is — 444 7000

Arion banki



Straufríu keprúmfötin komin aftur.

Damaskrúmföt í fallegum litum. Margar gerðir af lökum

Við endurnýtum kertaafganga í útikertin

Við nýtum gömul rúmföt, boli og handklæði til tuskugerðar.

Veitum afslátt af kertum og rúmfötum ef skilað er inn á móti!

Komið með kertastubba til okkar og kaupið ný kerti í fallegum sumarlitum.

Borðklútar, diskapurrkur, vinnuvettlingar, þrjónavettlingar.

Skiltagerð:

Góðar merkingar skila póstinum á réttan stað.



Plastiðjan Bjarg - Íðjulundur

Furuvellir 1 • 600 Akureyri
Sími: 461 4606 • fax: 461 2995
pbi@akureyri.is • plastiðjan.hlutverk.is

Breytingar hjá félaginu

- Ný forysta í Matvæla- og þjónustudeild



F.v.: Margrét H. Marvinsdóttir, Stefán Aðalsteinsson og Anna Júlíusdóttir.

Á stjórnarfundum Matvæla- og þjónustudeilda Einingar-löðu sem haldinn var 25. apríl sl. sagði Anna Júlíusdóttir af sér sem formaður deildarinnar, þar sem hún er orðin varaformaður félagsins. Við starfi formanns tók Margrét H. Marvinsdóttir sem kosin var varaformaður deildarinnar á síðasta aðalfundi hennar. Stjórn deildarinnar valdi svo Stefán Aðalsteinsson, sem verið hefur meðstjórnandi, sem nýjan varaformann deildarinnar.

Nýr starfsmaður

Það urðu meiri breytingar hjá Önnu Júlíusdóttur, því þann 1. maí sl. hóf hún störf sem starfsmaður félagsins. Anna starfaði lengi hjá ÚA og eins og áður kemur fram þá gegndi hún til fjölda ára starfi formanns Matvæla- og þjónustudeilda félagsins. Nú er hún orðin þjónustufulltrúi þeirrar deildar og gegnir jafnframt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Netfangið hjá Önnu er annajul@ein.is og beinn sími á hana er 460 3605.

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löða vill minna félagsmenn sína á rétt til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningnum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða

fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí.

Orlofsuppbót hjá þeim sem starfa hjá sveit-

arfélögum er kr. 37.000 árið 2012. Orlofsuppbót á almenna markaðinum og hjá ríkinu er kr. 27.800 árið 2012. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur yfir upphæð orlofsuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Tvö sæti laus!

Vegna forfalla eru laus tvö sæti í Síðsumarsferð félagsins sem farin verður dagana 12. til 15. ágúst 2012 til Stykkishólms, Flateyjar, Patreksfjarðar og Látrabjargs. Áhugasamir geta haft samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.

Nánar um ferðina:

Ekið verður eins og leið liggur til Stykkishólms. Fyrstu nóttina verður gisti í Félagsheimilinu Skildi. Næst verður siglt út í Flatey og þar dvalið meiri hluta dags en farið með Baldri yfir á Brjánslæk. Gisti næstu tvær nætur í gistiheimilinu á Patreksfirði. Á þriðja degi verður farið út á Látrabjarg komið við í Breiðavík og síðan

farið niður á Rauðasand. Á fjórða degi verður haldið heim á leið um Barðaströnd og Dali. Fararstjóri verður Björn Snæbjörnsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögumaður Jóhann Svavarsson frá fyrirtækinu Umfar ehf. sem sérhæfir sig í leiðsögn um Vestfirði.

Ferðin kostar 35.000 krónur á mann. Innifalið er allur akstur, svefnþokagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nista sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er 8.000 krónur.



Munið eftir www.ein.is

Sendum félagsmönnum Einingar-Jöðu sumarkveðjur

BÓKHALDSÞJÓNUSTAN
HRINGUR

 **SPARISJÓÐUR**
Siglufjarðar

 **Landsvirkjun**

 **LOSTÆTI**
VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA

 **Grýtubakkahreppur**

 **AKUREYRARAPÓTEK**
Kaupangi v/Mýrarveg — Sími 460 9999

 **EIMSKIP**
Yfir hafid og heim

 **SPARISJÓÐURINN**
Ólafsfirði

 **ORLOFSBYGGÐ**

 **MÖSSUBÚÐ**
-skóli í massavís
Glerártorgi - sími 461 3322

 **LITALAND**

 **GJÖGUR ehf** - Grenivík

 **LAXÁ**

 **EFLING**
STÓTTAFELAG

 **EYJAFJARÐARSVEIT**

 **PENNINN**

Vikudagur
SÍJALFSTÆÐUR NORÐLENSKUR FRETAMIDILL

 **Borgarbió**
www.borgarbio.is Akureyri

LJÓSGJAFINN
Verslun | Glerárgötu 34 | sími 460 7788 | www.ljogjafinn.is

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KALIDANDI VILJADADUR 600 AKUREYRI SÍMI 460 6000

 **VERSLUNIN Brynja**

Deloitte.
www.deloitte.is

 **HVAMMUR**
FASTEIGNASALA
Fasteignasalan Hvammur ehf

 **Fjallabyggð**



 **BÍLALEIGA AKUREYRAR**
Hóldur

 **National Car Rental**



 **LANDSNET**

nettó

 **PROMENS**

 **RAFEYRI**
alltaf í stúdíó!
LÖBBULIN RÖFVERÐARAR
Hérna þóttu á því nafni og líti og silur

RAFTÁKN




SAMHERJI HF

SBA-NORÐURLEIÐ
www.sba.is

 **BRYGGJAN**
ELDBAKADAR PIZZUR
STRIKID
BÁKARÍ - RÖFVERÐARAR

 **TUNNAN**
PRENTÞJÓNUSTA
S. 467-1288
www.tunnan.is

 **AEVAR & BÓAS DALVIK**
Sandskeið 14
Sími 466 1597
Gsm 898 3345

 **INDIAN CURRY HUT**
Sími 461 4242

FLUGKAFFI
Akureyrarflugvelli



„Forréttindi þegar hægt er að sameina vinnuna og áhugamálið“

Matthildur Sigurjónsdóttir sem gegnt hefur starfi varaformanns félagsins frá árinu 1995 gaf ekki áfram kost á sér í embættið er kosið var á síðasta aðalfundi Einingar-Íðju. Á fundinum var hún gerð að heiðursfélaga þess. Þegar Matthildur var kosin varaformaður þótti það sæta tíðindum því hún var fyrsta konan til að gegna því í 32ja ára sögu félagsins. Þann 1. maí sl. hætti hún jafnframt sem starfsmaður félagsins þar sem hún hóf störf þann 1. júlí 1996. Af þessu tilefni settist tíðindamaður blaðsins niður með Mattý, eins og hún er jafnan kölluð, og forvitnaðist um tíma hennar hjá félaginu.

„Þetta var mitt fyrsta og eina trúnaðarmannanám-skeið. Það stóð yfir í viku og fór fram í Alþýðuhúsinu, því eldra //

„Áður en ég hóf störf hjá félaginu var ég meðal annars búin að starfa í Fiskvinnslustöð KEA, við verslunarstörf og í veitingahúsinu Brekku í Hrísey. Þegar ég hóf störf hjá Einingu þá þekkti ég best fiskvinnsluna og veitingahúsin og því var eðlilegt að ég kæmi mest að þeim málum. Þegar einhver hringdi með spurningar úr þessum greinum þá var maður að tala sama tungumálið og viðkomandi, ef þannig má að orði komast,“ segir Mattý, en hún var þjónustufulltrúi matvæla- og þjónustudeildar félagsins.

Mattý, af hverju verkalýðsbarátta?

„Ætli þetta hafi ekki bara eitt leitt af öðru. Ég hef sennilega farið að skipta mér af einhverju í vinnunni og var bara gripin í þetta sem trúnaðarmaður. Vinnufélagarnir hvöttu mig til að gefa kost á mér á sínum tíma. Þannig byrjaði

þetta nú allt saman. Svo þótti bara sjálfsagt að ég tæki við sem formaður Hríseyjardeildarinnar og gerði það árið 1976 og gegndi því starfi samfleytt í 20 ár. Árið 1995 var ég svo beðin um að gefa kost á mér til varaformanns Einingar, ég sló til, var kjörin og sé ekki eftir því. Vorið



Fyrrverandi og núverandi varaformaður. Mattý og Anna á aðalfundi félagsins í apríl sl.

1996 fluttum við hjónin til Akureyrar vegna starfa eiginmannsins. Þá um sumarið bauðst mér að leysa af á skrifstofu félagsins og í framhaldi af því var ég ráðin í fullt starf, þar sem ég hef verið þar til nú.”

Sat fyrsta trúnaðarmannanámsskeiðið

12. til 17. mars 1973 tók Mattý þátt í fyrsta trúnaðarmannanámsskeiði sem haldið var á Akureyri. „Þetta var mitt fyrsta og eina trúnaðarmannanámsskeið. Það stóð yfir í viku og fór fram í Alþýðuhúsinu, því eldra,” segir Mattý. „Seinna fór ég í Félagsmálaskóla Alþýðu sem haldinn var í Ölfuborgum, þetta voru í raun þrjú námsskeið sem stóðu yfir í tvær vikur í senn.”

Mattý hefur komið að mörgum námsskeiðum hjá félaginu, sat lengi í Fræðslunefnd og var síðar starfsmaður nefndarinnar. „Við höfum alltaf reynt að halda nokkur námsskeið á ári fyrir félagsmenn, þeim að kostnaðarlausu. Þeir hafa aðeins þurft að borga efniskostnað, þegar það á við. Fyrir jólin höfum við oft boðið upp á jólaföndur, konfektgerð, kortanámsskeið og fleira í þeim dúr. Við höfum líka t.d. boðið upp á matreiðslunámsskeið og sjálfsstyrkingarnámsskeið. Fyrir nokkrum árum buðum við upp á enskunámsskeið fyrir byrjendur, en þá fengum við kennara úr VMA til að kenna hjá okkur. Þetta voru alveg frábær námsskeið, við auglýstum eitt en þau urðu að lokum fjögur. Tölvunámsskeið fyrir byrjendur sem við höfum verið með í samstarfi við SÍMEY hafa verið vinsæl sem og ýmiss önnur námsskeið.

Dyravaranámsskeiðin eru svo bara sér kaflar út af fyrir sig, en frá árinu 2000 höfum við, í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri, staðið fyrir slíkum námsskeiðum. Ég og Þorsteinn Pétursson fyrrum lögreglumaður, betur þekktur sem Steini Þje, höfum haldið utan um þessi námsskeið frá upphafi. Þau hafa verið mjög vinsæl, enda skylda að fara á slíkt ef þú ætlar að starfa sem dyravörður á Akureyri. Námsskeiðið er mjög gott og sem dæmi um það get ég nefnt að við höfum verið beðin um námsgögn og sent þau víða um land.”

Mattý hefur setið mörg þing, ráðstefnur og fundi fyrir hönd félagsins. Þá hefur hún setið í ýmsum nefndum og stjórnnum. Hún var t.d. um tíma formaður Alþýðusambands Norðurlands, sat í stjórn-um Fjölskiðjunnar og SÍMEY svo nokkur dæmi séu nefnd. Er eitthvað þessu tengt meira eftirminnilegt en annað?

„Það er margt eftirminnilegt úr starfinu, eins og til dæmis margar erfiðar og langar samningaviðræður. Mörg þing eru eftirminnileg en ekkert eitt frekar en annað. Þegar ég byrjaði stóðu ASÍ þingin yfir í fimm daga í senn. Það má segja að þú hafir bara flutt að heiman í heila viku, sem gat verið erfið fyrir fjölskyldufólk. Það varð breyting til batnaðar þegar forminu á þeim var breytt þannig að þau stóðu aðeins yfir í tvo daga. Á meðan Verkamannasambandið var við lýði þá sag ég þar í stjórn fiskvinnsludeildar sem fundaði mjög reglulega, yfirleitt í Reykjavík. Sá tími er mjög eftirminnilegur.”



Dagsferð félagsins 2005. Mattý hefur að sjálf-sögu aðeins þurft að aðstoða grillmeistarana.

Hefur baráttan fyrir réttindum og kjörum félagsmanna breyst frá því þú hófst störf?

„Frá því ég hóf störf hjá félaginu og þar til í dag þá finnst mér að við séum nú í meiri og nánari tengslum við félagsmenn. Það er veruleg fjölgun í því að fólk komi á skrifstofuna eða hringi. Þetta var ekki svona þegar ég byrjaði. Nú geta félagsmenn nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu félagsins og í blöðum okkar og bæklingum. Með meira upplýsingaflæði þá vita félagsmenn meira um okkur og eins um réttindi sín og skyldur og leita því meira til okkar til að fá nánari upplýsingar um sín mál. Nú eða þá að eitthvað er ekki í lagi og þá ganga starfsmenn félagsins í mál viðkomandi og aðstoða eftir bestu getu.”

Nú hefur þú farið fyrir hönd félagsins í heimsóknir í alla efstu bekkir grunnskóla á félagsvæðinu í áratug og vel rúmlega það. Skipta þessar heimsóknir miklu máli?

„Ég er alveg sannfærð um að þær hafa skilað sér margfalt til baka. Oft á ég fullt í fangi við að halda mig innan þessa tíma sem ég hef til umræða, því krakkarnir eru svo fróðleiksfúsir og spyrja mikið út í efnið sem ég er að fara yfir. Ég tel það skipta miklu máli fyrir þessa krakka að fá svona kynningu á réttindum þeirra og skyldum áður en þau halda út á vinnumarkaðinn. Ég segi gjarnan að þó þau muni lítið af því sem ég hef verið að þýlja yfir þeim, þá viti þau að það eru til félög sem þau geta leitað til og fengið kauptaxta og kjarasamninga.”

Á síðasta aðalfundi steigstu í pontu og sagðir nokkur orð, m.a. að það væru forréttindi þegar hægt væri að sameina vinnuna og áhugamálið. Hvað áttu við með því?

„Það er ekki hægt að segja að þetta sé vinna frá klukkan átta til fjögur.“ //



Aðeins að glugga í skjöl í möppunni. Myndin er tekin í febrúar 1999.

„Því virkari sem félagsmenn eru því sterkara er félagið.“

„Bara það að vinnan, það er verkalýðsbarátta, er mitt áhugamál. Ég hef getað sameinað hvort tveggja því þetta er sami hluturinn. Það eru algjör forréttindi að geta tvinnnað þessu svona saman. Starfið hefur alltaf verið mjög lifandi og gefandi því þú hittir svo gríðarlegan fjölda fólks. Bæði félagsmenn og eins aðra sem eru að vinna í þessum málum. Það er ekki hægt að segja að þetta sé vinna frá klukkan átta til fjögur.“

Þegar Björn hélt smá tölu um þig á aðalfundinum þá sagði hann frá því að þið hafið aldrei rifist. Hvernig hefur ykkar samvinna verið?

„Hún er búin að vera alveg ótrúlega góð. Það er rétt hjá Björssa að við höfum aldrei rifist, en við höfum oft haft ólíkar skoðanir á hlutunum. Okkur hefur alltaf tekist að tala saman og náð ásættanlegri niðurstöðu.“

Ertu búin að gefa Önnu eftirmanni þínum einhverjar góðar ráðleggingar varðandi starfið?

„Ég tel að hún hafi ekki þurft þess með. Ég tel að Anna sé mjög vel undir það búin að taka við þessu embætti. Við erum búnar að starfa lengi saman að þessum málum og ég veit að hún kemur til með að standa sig vel og vona að hún fái jafngóðan stuðning og ég hef notið. Það er alltaf stórt skref að stíga til hliðar en nú er sá tímunktur hjá mér. Ég er mjög sátt við hvernig ég skil við mitt félag og veit að það mun dafna vel í framtíðinni.“

Viltu segja eitthvað við félagsmenn að lokum?

„Ég vil hvetja þá til að sýna samstöðu, það er það eina. Félagið er ekkert annað en fólkið sem í því er og hvet ég alla félagsmenn til að vera virka í félagsstarfinu, t.d. með því að vera duglega að mæta á fundi og aðra viðburði sem félagið stendur fyrir. Auðvitað er það þannig í dag að fólk hefur úr svo mikilli afþreyingu að velja og fundarsókn ekki alltaf með besta móti, en því virkari sem félagsmenn eru því sterkara er félagið.“

Ég óska félaginu velfarnaðar, það hefur verið sterkt og ég veit að það mun verða það áfram. Að lokum vil ég bara fá að þakka fyrir mig. Þetta er búinn að vera skemmtilegur tími. Ég hef verið mjög heppin með samstarfsfólk og eins og ég sagði áðan þá eru ekki allir svo heppnir að geta tvinnnað saman starfið og áhugamálið. Ég vil þakka öllu því frábæra fólki sem ég hef starfað með og kynnst í gegnum starfið. Takk fyrir mig,” segir Matthildur Sigurjónsdóttir, fyrrum varaformaður Einingar-löju að lokum.

Bland í poka

Vert er að minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu félagsins.

Hvalfjarðargöng

Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum félagsins á kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Hótel Edda

Félagið selur greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 6.500. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteledda.is

Fosshótel

Félagið selur niðurgreidda gistimiða á öll Fosshótel landsins. Verð miða er kr. 6.000 og gildir hann fyrir árið 2012. Hver miði gildir fyrir eina nótt í



tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á kr. 9.000 en fullt verð er kr. 14.900. Kortið veitir aðgang að 44 tjaldsvæðum hringinn í kringum landið. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veidikortið

Félagsmenn fá Veidikortið á sérkjörum á aðeins kr. 2.800, fullt verð er kr. 6.000. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 37 vatnasvæðum um allt land. Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is



Helena María Hammer

Vinnustaður? *Leikskólinn Krummakot í Eyjafjarðarsveit.*
 Hvaðan ertu? *Akureyri.*
 Hvað á að gera í sumarfríinu? *Helst sem minnst :o), sóla sig sem mest og kannski ferðast örlítið.*
 Uppáhaldsstaður á Íslandi?
Klárlega Eyjafjarðarsveit. :o)
 Besta ráð sem þú hefur fengið og frá hverjum? *Brostu það gerir lífið auðveldara :o) Gott ráð sem ég man hreinlega ekki hver gaf mér.*
 Hvað er best á grillið? *Lambalærisneiðar í bbq!!*
 Stjörnumerki? *Sporðdreki.*
 Bók eða bíómynd? *Hann var kallaður þetta*
 Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Dýralæknir.



Vilhelm Adolfsson

Vinnustaður? *Vaktmaður í Becromal*
 Hvaðan ertu? *Ég er frá firðinum fagra, Seyðisfirði*
 Hvað á að gera í sumarfríinu? *Ég ætla njóta lífsins með konunni og dætrum mínum tveimur*
 Uppáhaldsstaður á Íslandi? *Fjörðurinn fagri*
 Besta ráð sem þú hefur fengið og frá hverjum? *Koma vel fram og vera heiðarlegur og sannur, frá föður mínum (Adolf Guðmunds-syni)*
 Hvað er best á grillið? *Lambafille og lax að hætti konunnar*
 Stjörnumerki? *Vogin*
 Bók eða bíómynd? *Ég myndi frekar velja góða bíómynd er svo asskoti lengi að lesa þarf alltaf að byrja uppá nýtt :O)*
 Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Ég ætlaði mér að verða knattspyrnuþjálfari og tók þar af leiðandi nokkur stig (A-B-C-D) hjá KSÍ. Þjálfaði knattspyrnumenn/konur á Seyðisfirði og Egilsstöðum í ein 7 ár. Alla flokka frá yngstu þúkunum upp í meistaraflokk kvenna.



Yuri Kravtchook

Vinnustaður? *Grand Þvottur ehf.*
 Hvaðan ertu? *Hvítá Rússlandi*
 Hvað á að gera í sumarfríinu? *Slappa af. Reyna að ferðast um landið.*
 Uppáhaldsstaður á Íslandi? *Akureyri*
 Besta ráð sem þú hefur fengið og frá hverjum? *Lífið er svo stutt, njóta hvert augnablik.*
 Fékk frá MÖMMU.
 Hvað er best á grillið? *Fiskur - Lúða*
 Stjörnumerki? *Meyjan*
 Bók eða bíómynd? *Frekar mynd, „Band of Brothers“*
 Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Vörubílstjóri.

Trúnaðarmenn svara nokkrum spurningum á léttu nótnum



Sendum félagsmönnum
 Einingar-löju
 sumarkveðjur



SJÓMANNAFÉLAG
 EYJAFJARÐAR



RIDING TOURS

+354 4633179
www.polarhestar.is

Ársfundur Stapa

- samþykkt að lækka áunnin réttindi



Fjöldmennur ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn 8. maí sl. á Hótel Héraði á Egilsstöðum. 37 fulltrúar frá Einingu-löðu áttu rétt á setu á fundinum þar sem Þórarinn G. Sverrisson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar, Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri skýrði ársreikning sjóðsins, Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kynnti tryggingafræðilega athugun sem gerð var á sjóðnum og Arne Vagn Olsen sjóðstjóri fór yfir fjárfestingarstefnu Stapa fyrir árið 2012.

Fjárfestingartekjur ársins námu ríflega 6 milljörðum króna. Ávöxtun Tryggingardeildar sjóðsins á árinu nam 5,2%. Ávöxtun á söfnum Séreignardeildar var á Safni I 9,9%, á Safni II 5,0% og á Safni III 8,3%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 117,1 milljarður króna og hækkaði um 7,4% á milli ára.

Alls greiddu 18.320 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu og námu iðgjaldagreiðslur tæpum 6 milljörðum kr.

og hækkuðu um 8,4% frá fyrra ári. Samtals eiga um 80 þúsund manns réttindi í sjóðnum. Lífeyrisgreiðslur ársins námu 3,6 milljörðum og hækkuðu um 10,4% frá fyrra ári.

Á fundinum voru kynntar nýjar hugmyndir að skipulagi sjóðsins þar sem markmiðið er að betra jafnvægi sé jafnan milli eigna og skuldbindinga. Jákvætt var tekið í þessar hugmyndir og var stjórn falið að vinna áfram að málinu.

Áunnin réttindi lækkuð um 7,5%

Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 7,5% í árslok 2011. Fyrir fundinn lá tillaga stjórnar um að lækka áunnin réttindi um 7,5% og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Með þessari aðgerð er tryggingafræðileg staða sjóðsins góð og ekki líkur á að til frekari breytinga þurfi að koma á næstunni.

Samtals hafa réttindi í sjóðnum verið lækkuð um 13,5% frá hrúni, en fyrir hrún höfðu réttindi verið hækkuð aukalega um 14,75%. Tillagan var lögð fram því stjórn sjóðsins taldi rétt að stíga verulegt skref til að jafna mun á eignum og skuldbindingum, með því að lækka réttindi. Réttindi sjóðfélaga munu alltaf ráðast af eignum á hverjum tíma og lítil innistæða er fyrir loforðum um réttindi, sem eru talsvert hærri en eignir standa undir. Að mati stjórnarinnar var því réttara að jafna þennan mun að mestu nú, fremur en að ferðast með hann inn í framtíðina, sem bitnar á þeim sem nú eru virkir greiðendur.

Vegna samspils á milli tekna frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun ríkisins verður skerðing á tekjum lífeyrisþega mun minni en nemur lækkun á greiðslum frá sjóðnum. 76% sjóðfélaga eru að fá undir 100 þúsund í lífeyri frá lífeyrissjóði á mánuði. Stærstur hluti þessa hóps mun fá lækkun á lífeyri frá sjóðnum að fullu eða mestu leyti bættu frá TR. Útreiknuð meðal skerðing á þessum hópi yrði 124 kr. á mánuði. Hærri tekjuhópar skerðast meira, en skerðingin er þó innan við 2% í tekjuhæsta hópnun.

Krefjandi rekstrarár

Í skýrslu stjórnar, sem Þórarinn stjórnarformaður flutti, kom m.a. fram að árið 2011 hefði að mörgu leyti verið krefjandi rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Verðbólga var áfram mikil innanlands, fjárfestingarkostir fábreyttir og miklar sveiflur urðu á erlendum mörkuðum. Hann sagði að nafnávöxtun Tryggingadeildar hefði verið 5,2% og raunávöxtun nálægt núlli og því talsvert undir markmiðsávöxtun deildarinnar. „Annað í starfi sjóðsins gekk hins vegar vel. Mikið starf var unnið við að bæta innri starfssemi sjóðsins, skerpa áherslur í rekstri og móta stefnu til framtíðar í ýmsum þáttum starfseminnar. Ákveðið hefur verið fjölga starfsmönnum við eigna- og áhættustýringu. Markmiðið er að gera sjóðinn hæfari til að ná markmiðum sínum og uppfylla þær væntingar og kröfur sem sjóðfélagar gera til hans.“

Þórarinn talaði einnig um að Íslenskir lífeyrissjóðir hafi verið harkalega gagnrýndir að undanförmu, ekki síst í kjöl-



far útkomu á skýrslu Úttektarnefndar lífeyrissjóða sem Landsamtök lífeyrissjóða hafði frumkvæði af að koma á fót. „Mikilvægt er að sjóðirnir taki mið af málefnalegri gagnrýni á starfsemi þeirra og skipulag. Úr henni þarf að vinna á jákvæðan hátt til að bæta íslenskt lífeyrissjóðakerfi og gera það færra til að sinna því mikilvæga hlutverki, sem því er ætlað í íslensku samfélagi. Málefnaleg gagnrýni byggist á þekkingu. Þannig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að almennu lífeyrissjóðirnir hafa ekki ábyrgðaraðila. Þau réttindi sem þeir veita munu alltaf ráðast af ávöxtun fjármálamarkaða á hverjum tíma og þeim breytingum sem verða á lýðfræðilegum forsendum. Það ávöxtunarviðmið, sem valið er breytir þar engu um,“ sagði Þórarinn og bætti við að mikilvægt væri að hafa í huga að öllum fjárfestingum fylgir áhætta og að fjármálamarkaðir væru sveiflukenndir. „Það koma tímar þar sem ávöxtun fjármuna er góð en einnig þar sem hún er síðri. Þegar meta á frammistöðu lífeyrissjóða þarf að setja hana í samhengi við það umhverfi sem þeir starfa í. Skoða þarf bæði uppsveiflur og niðursveiflur og setja þær í samhengi. Þegar umhverfið er erfitt og þróun markaða óhagstæð þarf að skoða hvernig sjóðirnir stóðu sig með tilliti til aðstæðna og hvaða möguleika þeir áttu til að bregðast við því áfalli sem yfir reið. Ef gagnrýni er ekki málefnaleg og byggir ekki á þekkingu á aðstæðum er ólíklegt að hún skili árangri og leiði til þeirra umbóta sem æskilegar eru.“

Breytingar í stjórn

Tveir stjórnarmenn, þeir Þórarinn Sverrisson og Sigurður Jóhannesson, gengu úr stjórn og í þeirra stað voru kjörin í stjórn þau Orri Freyr Oddsson og Unnur Haraldsdóttir. Ný stjórn kom saman í kjölfar ársfundar og skipti með sér verkum. Ágúst Torfi Hauksson var kjörinn formaður stjórnar og Björn Snæbjörnsson varaformaður.

Stjórn sjóðsins skipa nú:

Fyrir hönd launamanna: Björn Snæbjörnsson, Sigurður Hólm Freysson og Orri Freyr Oddsson. Varamenn eru:

Ásgerður Pálsdóttir, Þorkell Kolbeinsson og Gylfi Pálsson.

Fyrir hönd atvinnurekenda: Ágúst Torfi Hauksson, Guðrún Ingólfsdóttir og Unnur Haraldsdóttir. Varamenn eru: Gunnþór Ingvason, Sigurður Jóhannesson og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Á heimasíðu Stapa, www.stapi.is má finna ársskýrsluna, ræðu stjórnarformanns, glærur frá fundinum og fleira.



1. maí hátíðarhöld

Fjöldi fólks tók þátt í kröfugöngu sem stéttarfélagin á Akureyri stóðu fyrir þann 1. maí sl. á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Kjörorð dagsins voru „Vinna er velferð.“ Gengið var frá Alþýðuhúsinu í mjög góðu veðri, gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi, þar sem Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Stefán Einar Stefánsson, formaður LÍV og VR, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði, happdrætti og kaffiveitingar. Hundur í óskilum söng nokkur vel valin lög og krakkar frá Point dansstúdíó sýndu skemmtilegt dansatriði. Þá spiluðu einnig Kristján Edelstein og Pétur Hallgrímsson vel valda tóna í byrjun dagskrár og einnig þegar hátíðargestir drukku kaffi og gæddu sér á glæsilegu hlaðborði sem veitingahúsið 1862 Nordic Bistro útbjó.

Úlfhildur minntist þess í ávarpi stéttarfélaganna að hundrað ár eru síðan íslenskar verkakonur fóru fyrst í verkfall, þeim fannst óréttlátt að fá 15 aura á tímann í fiskverkun þegar karlar höfðu 30 aura fyrir sömu vinnu. „Í áratugi höfum við haft lög í landinu sem kveða á um sömu laun fyrir sömu vinnu og fyrir jafnverðmæt störf. En lög duga skammt ef ekki er farið eftir þeim. Ópolandi er að enn þann dag í dag skuli vinnuframlag kvenna ekki vera metið í launum til jafns við karlastörf.“

Ávarpið í heild má lesa hér fyrir neðan. Ávarp Stefáns má finna á heimasíðu félagsins www.ein.is og í myndasafninu á heimasíðunni má finna fleiri myndir frá hátíðarhöldunum.

1. maí ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2012

